

# Aðalsafnaðarfundur í Grafarvogskirkju 15. maí 2018

## Skýrsla Safnaðarfélags

Á aðalfundi Safnaðarfélags Grafarvogskirkju sem var haldinn 1. febrúar 2016 tókst ekki að manna stjórn. Síðan hefur þess verið freistað að halda starfseminni gangandi og sinna eins miklu af hefðbundnum, og nýjum, verkefnum og kostur var.

Enginn eiginlegur haustfundur var haldinn haustið 2017 en Jólafundur var haldinn 4. desember. Var hann skipulagður í samstarfi við nýjar félagskonur. Sr. Sigurður Grétar Helgason flutti fallega hugvekju í tilefni aðventunnar. Á Jólafundinum var blandað saman matarþema, en boðið var upp á jólamat með brasilísku ívafi, og hefðbundinni dagskrá jólafundar þar sem Ragnar Ingi Aðalsteinsson Grafarvogsskáld las upp úr Gamanvísnaþókinni sinni sem kom út fyrir jólin. Góður rómur var gerður að upplestri Ragnars og rann maturinn ljúflega niður.

Á haustmisseri 2017 bárust þáverandi formanni fréttir af konum sem hefðu áhuga á að stofna kvenfélag Grafarvogskirkju. Þar sem Safnaðarfélagið gegnir því sem næst sama hlutverki og flest kvenfélög, nema það heitir ekki kvenfélag, bauð formaður til fundar þar sem málin voru rædd. Þegar ljóst var að grundvöllur var kominn fyrir nýrri stjórn Safnaðarfélags var boðað til aðalfundar í febrúar 2018. Átta konur buðu sig fram í stjórn, sjö nýjar og ein gömul en þáverandi formaður gaf líka kost á sér.

Ný stjórn hefur skipt með sér verkum og er Guðrún Stella Björgvinsdóttir formaður, Bergþóra Valsdóttir er varaformaður, Katrín Sigfríður Jóhannsdóttir er gjaldkeri, Hrund Brynjólfsdóttir er ritari, Anna Gunnarsdóttir, Elena Teuffer, Halldóra Ingimarsdóttir og Vera Sólveig Ólafsdóttir eru meðstjórnendur. Ný stjórn hefur verið að setja sig inn í starfsemi félagsins, leitast hefur verið við að færa starfsemina til enn betri vegar og hefur m.a. verið bryddað upp á nýjungum í starfinu. Ný stjórn mun skila skýrslu um starfsemi félagsins á næsta Aðalsafnaðarfundi.

Bergþóra Valsdóttir

fyrirverandi formaður stjórnar